

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsfjarðarkaupstað. Holræsagerð bæjarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsæsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur eða vatns- og hitaveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 1000.00 í tengigjald.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innan húss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningamanni eða öðrum sérfróðum mönnum.

Aðeins pípulagningamaður eða annar, sem bæjarstjórn hefur samþykkt, skal heimilt að leggja holræsislagnir.

Engar lagnir má hylja fyrr en byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.

4. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innan húss og utan.

Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagningar skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 1000.00 af húsi eða hluta af húsi, sem talin er sér í fasteignamati enda sé skólpögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðar eiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 sem rennur í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglu-mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði nr. 205 1. september 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðinni Smárahvammi,
— Fífuhvammi,
— Vatnsenda,
— Gunnarshólma,
— Geirlandi (Miðmundarmýri),

fasteigninni Kársnesbraut 68.

Enn fremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri,

Seli,

Selfjallaskála,

Núpstúni,

lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. 1.11. 1963.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.